

Nefndarálit og breytingartillaga við tillögu að starfsreglum um kirkjuþing.

Frá löggjafarnefnd.

Frsm. Steindór R. Haraldsson.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögu:

1. gr.

4. mgr. 2. gr. tillögunnar orðast svo:

Kirkjuþing ábyrgist rekstur og fjármál þjóðkirkjunnar nema starfsreglur þingsins kveði á um annað.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. tillögunnar:

a. Á eftir orðinu „þess“ í 1. mgr. kemur: eftir því sem kirkjuþing mælir nánar um.

b. Á eftir orðinu „þess“ í 3. mgr. kemur: í samvinnu við framkvæmdanefnd kirkjuþings.

c. Ný 6. mgr. orðast svo: Óski aukinn meiri hluti þingfulltrúa, þ.e. 2/3 hlutar, eftir því, meðan á kjörtímabili stendur, að kosið verði að nýju til forseta kirkjuþings skulu kosningar til þingforseta fara fram.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. tillögunnar:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Tveir fulltrúar skulu koma úr hópi leikmanna og einn úr hópi vígðra; sama gildir um varamenn.

b. Á eftir orðinu „þingsins“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: sem setur nefndinni erindisbréf.

c. 2. mgr. orðast svo: Nefndin hefur eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar og að ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi sé fylgt eftir.

d. 3. mgr. fellur brott.

4. gr.

5. gr., ásamt fyrirsögn orðast svo:

Aðsetur kirkjuþings.

Kirkjuþing hefur aðsetur á rekstrarstofu þjóðkirkjunnar. Rekstrarstofa veitir forseta þingsins og kirkjuþingsfulltrúum alla nauðsynlega þjónustu og þá aðstoð sem þörf krefur. Forseti, í samráði við framkvæmdastjóra rekstrarstofu, ræður starfsfólk kirkjuþings í samræmi við gildandi fjárheimildir hverju sinni.

5. gr.

1. mgr. 7. gr. orðast svo:

Kirkjuþingsfulltrúar sem eiga lengri leið til og frá þingstað en 50 km fá greiddan akstur fram og til baka eða leigubílakostnað eða flugfargjald eftir því hver ferðamátinn er hagkvæmari.

Reykjavík, 17. nóvember 2021.

Löggjafarnefnd.

Steindór R. Haraldsson, formaður.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Arna Grétarsdóttir.

Axel Árnason Njarðvík.

Bryndís Malla Elísdóttir.

Hildur Inga Rúnarsdóttir.

Skúli S. Ólafsson.

Stefán Magnússon.